



Ljósmynd úr fórum læknis

„... og lyngið á Lögbergi helga, blánar af berjum hvert ár ...“ kvað Jónas Hallgrímsson í sínum mikla bálki, Íslandi. Myndin er trúlega tekin árið 1968, bæði á sögufrægum tíma og ekki síður á rómuðum stað þar sem hjarta lands og þjóðar slær. Tíðarandann

má lesa af klæðnaði ungu hjónanna, en það eru læknarnir og eldhugarnir Valgarður Egilsson og Katrín Fjeldsted.

Ársæll Jónsson öldrunarlæknir skannar inn gömlu myndirnar sínar og finnur eina og eina sem aðrir gætu líka haft gaman af.